

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta

The National Union of Icelandic Students

Established 2013



Reykjavík, 25. október 2020

Umsögn LÍS um Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna

Stórtækar breytingar eru að eiga sér stað í samfélaginu á sviði kynjamála. Þess vegna er mikilvægt fyrir stofnanir þjóðfélagsins að vera meðvitaðar svo að hægt sé að breyta í takt við samfélagið. Jöfn staða og jafn réttur kynjanna eru tvennt sem LÍS láta sig varða, eins og sést í [jafnréttisstefnu samtakanna](#). Með stefnu okkar að leiðarljósi eru margar breytingar lagðar fram í frumvarpi þessu í samræmi við okkar gildi og markmið. Á hinn bóginn eru nokkur atriði sem eru gagnrýnisverð. Gert verður grein fyrir öllum þessum atriðum í umsögninni.

Fagnaðarefni

Eitt stærsta fagnaðarefni frumvarpsins er það að verið er að taka tillit til þeirra sem hafa hlutlausu skráningu af kyni sínu vegna [laga um kvnrænt sjálfræði](#). Þetta er gert með ýmsum hætti í frumvarpinu sem hér er að ræða, þ.á.m. með að breyta orðanotkun til að vera hlutlausari og ekki svo karllæg eins og kom fram í lið 3.2 greinargerðar. Hrós eru einnig vegna tillagðrar þátttöku Samtakanna '78 í Jafnréttisráði svo að staðið verði vörð um hagsmuni kynsegin fólks.

Enn fremur mætti nefna umræðuna um fjölþætta mismunun sem er í þessu frumvarpi. Það að viðurkenna að hægt sé að verða fyrir mismunun á marga vegu í einu, sem er stórt skref áfram að því að stuðla að jafnrétti innan íslensks samfélags.

Að lokum má fagna aukinni eftirfylgni af bæði litlum og stórum fyrirtækjum. 8. gr. frumvarpsins leggur til að fámennari fyrirtæki fái valkost á milli þess að innleiða jafnréttiskerfi og fá svo jafnréttisvottun (hefðbundna aðferðin) eða að innleiða jafnréttiskerfi og svo fá jafnréttisstaðfestingu að mati Jafnréttisstofu á ákveðnum framlögðum gögnum (nýja aðferðin). Jafnframt er lagt til í 10. gr. að Jafnréttisstofa sjái yfir árlegt eftirlit hjá stærri fyrirtækjum. Slíkar breytingar væru frábær leið til að tryggja gagnsæi innan vinnumarkaðarins í jafnréttismálum og

einnig til að gefa fyrirtækjum hvatningu til að samræma starfsemi sína með breytingum á sviði jafnréttismála.

Gagnrýni

Þótt að margt gott sé í núverandi mynd þessa frumvarps eru atriði þar sem úrbætur myndu standa frumvarpinu til bóta.

Eitt slíkt atriði er það að ákvæði þessa frumvarps ýta viljandi undir kynjatvíhyggju að mörgu leyti. Þetta er gert vegna þess að talið er „ólíklegt að þessi hópur verði ýkja stór“. Þótt að það sé stórkostlegt hvað verið er að taka tillit til fólks með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá er það samt mikilvægt að jafna stöðu og jafnan rétt þess fólks að öllu leyti. Eins og við höfum séð geta samfélagsbreytingar átt sér stað með á skömmum tíma og þess vegna skal ekki gera ráð fyrir því að ekki verði töluverð aukning fólks með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá.

Annað atriði sem má gagnrýna er sú tillaga í 24. gr. að færri fulltrúar verði í Jafnréttisráði með þeim rökum að auka skilvirkni. Skilvirkni er lykilþáttur í því að tryggja jafna stöðu einstaklinga með markvissum hætti, en hættan við það að fækka fulltrúum geti gert það að verkum að mismunandi sjónarhornum innan ráðsins muni einnig fækka. Ekki má vanmeta mikilvægi fulltrúa frá ólíkum sviðum þegar farið er í breytingar í jafnréttismálum.

Lokaorð

Almennt má telja þetta frumvarp jákvætt skref í átt að byggja upp þjóðfélag sem er víðsýnt, réttlátt, hamingjusamt, og opið fyrir allri flóru einstaklinga. Jafnrétti á að ríkja innan allra umdæma þjóðfélagsins og á hún að ná til allra óháð kyni eða kynvitund.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta

Derek Terell Allen, jafnréttisfulltrúi LÍS